

LANDSLAG

INN TIL LANDSINS

Árfarvegur



Rás ofan í landið, alla jafna með vatni sem rennur niður í móti.

Stöðuvatn



Vatnsfyllt lægð umkringd landi á alla vegu.

Hraun



Storknuð kvika sem komið hefur upp um gosrás í eldgosi.

Fjall



Hæð á yfirborði lands sem gnæfir hátt yfir umhverfið.

Gil



Djúpir skorningar í landslagi, þrengri en gljúfur.

Foss



Hluti árfarvegjar þar sem vatn steypist niður af brún.

Sprungu




Grunn eða djúp rifa á yfirborði lands, oft með gróðri, vatni eða jafnvel snjó í botni.

Dalur



Lægð sem liggur inni á milli fjalla eða hærrí landsvæða á tvo eða þrjá vegu.

Jarðlög



Stafli af aðskildum lögum, til dæmis úr hrauni, seti eða öðru efni úr jörðinni, sem hafa hlaðist upp í tímans rás.

Gljúfur



Djúpt gil með bröttum veggjum, oft nánast lóðréttum. Yfirleitt myndað af stórum vatnsföllum, jafnvel risastórum jökulhlaupum.

Þúfur



Ávalar bungur sem myndast þegar gróinn jarðvegur frýs og lyftist upp.

Skriða



Þar sem mikið magn efnis, jarðvegs eða bergs, hrynur niður hlíð.

Mýri




Blautt landsvæði þar sem grunnvatnsstaða er há. Getur verið erfitt að komast yfir án þess að blotna í fætur.

Jökull




Bunki af ís sem nær ekki að bráðna yfir sumarið og er svo þungur í sér að hann skriður undan halla.

Melatíglar



Regluleg fjölhyrningslaga mynstur á gróðurlausu landi. Þegar jarðvegur frýs lyftast steinar á yfirborði og renna saman í mynstur.

Hóll/hólar



Upphá en nokkuð aflíðandi hækkun í landinu, gjarnan gróin. Oft eru margir hólar saman í þyrpingu.

Klettaveggur



Lóðréttur og gróðurlaus bergflötur, gjarnan utan í hlíðum og fjöllum.

Jarðhitasvæði



Þar sem heitt vatn eða gufa berast upp á yfirborð. Jarðhitasvæði eru oft litrík, með leir, járni og brennisteini á yfirborði.